

AÐGERÐASTJÓRNIR

Reglur



SIYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Almenn ákvæði

Gildissvið

Reglur þessar, settar af stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL), taka til skipulags félagsins í aðgerðastjórnunarmálum vegna leitar, björgunar og almennrar aðstoðar á forræði opinberra aðila.

Orðskýringar

Leit og björgun

Merkir leit að týndu fólki og björgun mannslífa og verðmæta. Undir leit fellur leit að týndu fólki hvort heldur það er týnt vegna slysa eða hefur villst. Undir björgun fellur að koma í veg fyrir frekara slys, bjarga fólki úr hættu og veita lífsbjargandi aðstoð.

Týndur einstaklingur

Merkir hvern þann sem saknað er vegna þess að grunur leikur á að hann hafi slasast eða hann hefur ekki komið fram á þeim tíma sem búist var við.

Heildarstjórnun


Merkir samræmingu og stjórn þeirrar starfsemi sem fram fer á vettvangi og utan hans, með það að markmiði að tryggja samræmd vinnubrögð og samhæfða stjórn. Heildarstjórnun tekur þannig til samskipta við aðra stjórnvaldsaðila, yfirstjórnar allra björgunarsveita, ákvarðanatöku um að kalla til sérhæfða aðstoð, upplýsinga til fjölmiðla og annarra sem þær þurfa og ákvörðunar um lok aðgerða.

Tæknileg stjórnun

Merkir beina verkstjórn björgunarsveitamanna, stjórnun þeirra verkþátta sem undir viðkomandi heyra, svo sem útfærslu við lausn verkefna og stjórn eigin liðsafla varðandi björgunar-, hjálpar- og leitarstörf þar sem forgangsroðin er björgun, afstýring sérstakrar hættu og að hefta slys og afleiðingar þess. Sá sem fer með tæknilega stjórn ákvarðar hvernig tiltækum liðsafla sem undir hann heyrir er beitt og forgangsraðar verkefnum. Hann hefur heimild til að veita fjölmiðlum upplýsingar um þau atriði, í samráði við þann sem fer með heildarstjórn. Sá sem sinnir heildarstjórn getur gripið inn í störf tæknilegs stjórnanda eftir samráð við hann ef hann verður þess var að ekki fæst nóg að gert.

Aðgerðastjórn (AST)

Merkir hóp sem fer með stjórnun, tæknilega stjórnun og/eða samræmingu aðgerða við björgunar-, hjálpar- og leitarstörf.



Vettvangsstjórn (VST)

Merkir hóp sem fer með stjórnun, tæknilega stjórnun við björgunar-, hjálpar- og leitarstörf á vettvangi. Vettvangsstjórn starfar undir verkþáttastjóra framkvæmda (SÁBF) í aðgerðastjórn. Vettvangsstjórn er framkvæmdaarmur aðgerðastjórnar.

Björgunarsveit

Björgunarsveit merkir hjálpar- eða björgunarsveit sem á grundvelli sjálfbóðaliðastarfs vinnur að leit og björgun og á aðild að viðurkenndum heildarsamtökum björgunarsveita.

Björgunarsveitarmaður

Björgunarsveitarmaður er skráður einstaklingur í björgunarsveit sem boðaður er út og tekur þátt í björgun, leit og gæslu ásamt þátttöku í öðru skipulögðu starfi björgunarsveita.

Aðgerðagrunnur

Miðlægur gagnagrunnur SL þar sem skráðar eru upplýsingar um framgang aðgerða.

Almannavarnir

Samkvæmt 1. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 er markmið almannavarna að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem unnt er að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni eða umhverfi og eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum farsóttá eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum, veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns, sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

Dagleg skipan

Landsstjórn björgunarsveita

Hlutverk

Landsstjórn björgunarsveita fer með tæknilega stjórn eigin liðsafla. Landsstjórn er tengiliður við ríkis-lögreglustjóra varðandi aðgerðir á landsvísu, samanber reglugerð nr. 289/2003 um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita ásamt því að vera tengiliður við Landhelgisgæsluna, samanber reglugerð um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara nr. 71/2011.

Landsstjórn björgunarsveita fjallar um aðgerðamál og kemur með tillögur til stjórnar um skipan aðgerðamála. Landsstjórn skal leggja sig fram um að vera leiðandi í aðgerðamálum á landsvísu og kynna nýjungar.

Hlutverk Landsstjórnar í aðgerðum er samhæfing milli svæðisstjórna í aðgerðum sem spanna fleiri en eitt svæði samkvæmt svæðaskiptingu SL. Hún er tengiliður milli opinberra aðila sem starfa á landsvísu og svæðisstjórna.

Landsstjórn hefur eftirlit með því að svæðisstjórnir starfi faglega og eftir reglum þessum. Stjórn SL hefur að sama skapi eftirlit með því að Landsstjórn starfi faglega og eftir reglum þessum.

Landsstjórn sker úr álitamálum sem upp kunna að koma innan og milli svæðisstjórna. Stjórn SL sker úr álitamálum sem upp kunna að koma milli svæðisstjórna og Landsstjórnar.

Í bráðatilvikum geta fulltrúar Landsstjórnar sinnt tæknilegri stjórnun strax og aðstoðarbeiðni berst, en samtímis skal kalla út svæðisstjórn. Um leið og svæðisstjórn tilkynnir Landsstjórn að hún sé orðin starfhæf hefst yfirfærsla stjórnunar til svæðisstjórnar.

Ef svæðisstjórn óskar eftir aðgerðastjórnendum til að styðja við aðgerðir eru fyrst sendir aðgerðastjórnendur frá nærliggjandi svæðum. Skulu aðgerðastjórnendur sem fara milli svæða vera að lágmarki Aðgerðastjórnandi 1.

Ef til þess kemur að viðkomandi svæðisstjórn valdi ekki verkefni sínu mun Landsstjórn (í þessari röð); leiðbeina og styrkja svæðisstjórn með utanaðkomandi aðgerðastjórnendum, fela annarri svæðisstjórn tæknilega stjórnun eða annast stjórnun aðgerðar sjálf.

Í umfangsmiklum aðgerðum sem spanna fleiri en eitt svæði getur Landsstjórn falið einni svæðisstjórn tæknilega stjórnun aðgerðarinnar. Verulegar breytingar á tæknilegri stjórnun aðgerða skulu

gerðar í samráði við þann opinbera aðila sem fer með forræði aðgerðarinnar. Jafnframt skal tilkynna ákvörðunina til allra svæðisstjórna sem eru í aðgerðinni.

Allar aðgerðir skulu skráðar samstundis í aðgerðagrunn félagsins ef þess er kostur, annars við fyrsta tækifæri.

Landsstjórn skal setja sér nánari verklagsreglur um störf sín.

Skipun

Stjórn SL skipar að minnsta kosti átta aðila í Landsstjórn auk formanns fyrir 1. september á Landsþingsári. Í Landsstjórn skal skipa félagsfólk sem hefur mikla reynslu og þekkingu á aðgerðamálum.

Fundir

Landsstjórn skal funda reglulega, eigi sjaldnar en átta sinnum á ári. Rita skal fundargerð á öllum fundum og gera aðgengilegar félagsmönnum SL.

Stjórnstöð

SL tryggir að Landsstjórn hafi aðgang að stjórnstöð.

/// Bakvakt Landsstjórnar

Bakvakt er skipuð af Landsstjórn og fær viðeigandi þjálfun. Hlutverk hennar er að framfylgja skyldum Landsstjórnar og er nánar getið um skyldur bakvaktar í verklagsreglum bakvaktar. Bakvakt þarf að geta verið mætt í samhæfingarstöð (SST) innan 25 mínútna frá útkalli.

/// SST hópur Landsstjórnar

SST hópurinn (Samhæfingarstöðin Skógarhlíð) er skipaður af Landsstjórn eigi síðar en 1. október á Landsþingsári og fær sérstaka þjálfun til að starfa í SST. Hlutverk hans er að framfylgja aðgerðaskyldum Landsstjórnar í SST. Einstaklingar í hópnum þurfa að geta mætt innan einnar klukkustundar eftir útkall en þangað til mannað bakvakt Landsstjórnar SST.

/// Svæðisstjórnir björgunarsveita

Hlutverk

Svæðisstjórnir fara með tæknilega stjórn leitar- og björgunaraðgerða sem boðað er til innan viðkomandi svæðis fyrir hönd Landsstjórnar samanber reglugerð nr. 289/2003 um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita. Einnig er kveðið nánar á um hlutverk svæðisstjórna í reglugerð um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara nr. 71/2011.

Svæðisstjórn er tengiliður björgunarsveita við lögreglu í umdæminu þegar björgunarsveitir eru kallaðar til. Hún starfar í nánú samstarfi við vettvangsstjóra lögreglu sem ber ábyrgð á framgangi aðgerða og er tengiliður við önnur stjórnvöld í umdæminu. Svæðisstjórn lýtur boðvaldi hans varðandi samræmdar ákvarðanir vegna aðgerða.

Svæðisstjórn getur hvort sem er gegnt hlutverki aðgerðastjórnar og/eða vettvangsstjórnar, allt eftir eðli og aðstæðum hverju sinni. Lögregla skipar vettvangsstjóra og ber svæðisstjórn að vera honum innan handar. Ef vettvangsstjóri hefur ekki verið skipaður ber fyrsta þjálfaða björgunaraðilanum sem á vettvang kemur, að takast á hendur skyldur og ábyrgð vettvangsstjóra þar til vettvangsstjóri er skipaður.

Svæðisstjórn skal ákveða hvernig hún skal boðuð út og hvar hún kemur saman og tilkynna það Landsstjórn. Ef aðstæður krefjast getur svæðisstjórn ákveðið fleiri en einn samkomustað.

Í bráðatilvikum geta fulltrúar í svæðisstjórn eða forystumenn björgunarsveita hafið útkall strax og vitneskja liggur fyrir en samtímis skal kalla út svæðisstjórn. Tilkynna skal Landsstjórn öll útköll svæðisstjórna strax og fyrstu aðgerðir eru hafnar.

Svæðisstjórn fær til liðs við sig starfsfólk eftir þörfum. Hún skráir og heldur saman öllum gögnum um aðgerðir m.a. í aðgerðagrunni félagsins samkvæmt nánari verklagsreglum Landsstjórnar.

Svæðisstjórn skal alltaf hafa samráð við Landsstjórn varðandi boðun og flutning milli svæða á mannafla, tækjum, búnaði, hundum og öðru því er samtökin hafa yfir að ráða.

Rýna skal þær aðgerðir sem þurfa þykir með þeim sem tóku þátt í aðgerðinni svo fljótt sem auðið er. Óski ein björgunarsveit formlega eftir rýni skal halda rýnifund. Fundargerðum rýnifunda skal skila til Landsstjórnar og skulu vera aðgengilegar félagsmönnum.

Skipun

Á hverju svæði, sem Landsstjórn afmarkar í samráði við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi, skal starfa svæðisstjórn. Í henni skulu vera að lágmarki 5 fulltrúar. Svæðisstjórn kemur sér saman um formann. Landsstjórn staðfestir skipan svæðisstjórna fyrir 1. október ár hvert eftir tilnefningar frá formönnum björgunarsveita á viðkomandi svæði. Í svæðisstjórn mega starfa og bera auðkenni aðgerðastjórnenda, björgunarsveitarmenn sem hafa starfað sem fullgildir í björgunarsveit í a.m.k. 3 ár og eru að lágmarki 25 ára.

Í samvinnu við lögreglu á viðkomandi stað gefur svæðisstjórn eftir atvikum út fréttatilkynningar til fjölmiðla meðan á aðgerðum stendur og í lok þeirra um þátt björgunarsveita í aðgerðinni.

Að loknum aðgerðum skal stjórnandi aðgerðar tryggja að aðgerð sé skráð í aðgerðagrunn með fullnægjandi hætti.

Stjórnstöðvar

Sveitir á viðkomandi svæði tryggja svæðisstjórn aðgang að viðunandi starfsstöð og viðeigandi búnaði til að leysa þau verkefni sem upp kunna að koma. Á hverju svæði skal vera að minnsta kosti ein aðgerðastjórnstöð. Svæðisstjórnir skulu hafa samstarf við lögreglu og aðgerðastjórnir almannavarna um uppbyggingu aðstöðu fyrir aðgerðastjórnir.

Fundir

Svæðisstjórn skal funda reglulega, eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Svæðisstjórn skal boða til fundar hvenær sem einhver björgunarsveit sem starfar á svæðinu óskar þess. Boða skal alla fulltrúa svæðisstjórnarinnar til funda. Rita skal fundargerð og senda hana Landsstjórn.





Stjórnskipulag í aðgerðum

Landsstjórn og svæðisstjórnir vinna í öllum aðgerðum sínum eftir svokölluðu SÁBF-skipulagi sem viðbragðsaðilar hafa komið sér saman um með samningnum „Skipulag aðgerða á vettvangi dags. 12.11.1999.“

Eitt af hlutverkum svæðisstjórna á fyrstu stigum eftir boðun er að tryggja viðbragð björgunarsveita. Svæðisstjórnir skulu skilgreina verkefni til úrlausnar, vinna aðgerðaáætlun og útdeila verkefnum til björgunarsveita. Svæðisstjórn fer með stjórn aðgerðar þó svo aðeins ein björgunarsveit sé kölluð til að leysa einfalt verkefni. Svæðisstjórn fylgist með framgangi aðgerðar og tryggir og ber ábyrgð á skráningu í aðgerðagrunn.

Svæðisstjórn tryggir að nægar bjargir séu til staðar til að leysa skilgreind verkefni og fylgist með úrlausn verkefna og öruggri heimkomu björgunarsveita í bækistöð.

Svæðisstjórnir skulu leitast við að innan hvers umdæmis lögregluembætta sé starfrækt bakvaktar-númer. Hlutverk þeirra sem ganga bakvaktir er að tryggja markviss fyrstu viðbrögð, skipa stjórnanda í upphafi aðgerðar og að ákveða hvar setja eigi upp stjórnstöð aðgerðastjórnar.

Þegar stjórnandi hefur verið skipaður í aðgerð og staðsetning aðgerðastjórnar ákveðin, tilkynna aðgerðastjórnendur sig á viðkomandi svæði inn til stjórnenda aðgerðar. Stjórnandi skipar verkþátta-stjóra og ákvarðar umfang aðgerðastjórnar í samræmi við eðli atburðar og þörf á aðgerðastjórn-endum. Miða skal við að í framkvæmdum séu þrír til sex hópar á hvern aðgerðastjórnanda. Allir aðgerðastjórnendur, nýliðar í svæðisstjórn og aðrir sem aðgerðastjórn kveður til verka mega starfa undir stjórn verkþáttastjóra.

Flokkun aðgerðastjórnenda

1. Til að tryggja fagleg vinnubrögð í stjórnun aðgerða eru aðgerðastjórnendur flokkaðir á eftirfarandi hátt:

- Aðgerðastjórnandi 1
- Aðgerðastjórnandi 2
- Aðgerðastjórnandi 3

2. Aðgerðum sem aðgerðastjórnendur á vegum SL stýra skiptast í eftirfarandi flokka:

a. Fyrsta stigs aðgerð – Ein til fimm björgunarsveitir koma að aðgerðinni. Verkefni geta verið tæknilega krefjandi. Aðgerð stendur yfir í það mesta 12 klukkustundir. Starf undir verkþáttastjóra í AST eða VST í almannavarnaraðgerðum.

Lágmarkskrafa á tæknilegan stjórnanda björgunarsveita - **Aðgerðastjórnandi 1**

b. Annars stigs aðgerð – Fleiri en fimm björgunarsveitir koma að aðgerðinni, eða fjölsvæða aðgerð. Verkefni geta verið tæknilega erfið. Ef græn eða gul aðgerð stendur lengur en í 12 klukkustundir fellur hún inn í þennan flokk. Starf í AST og VST í almannavarnaraðgerðum.

Lágmarkskrafa á tæknilegan stjórnanda björgunarsveita - **Aðgerðastjórnandi 2**

c. Þriðja stigs aðgerð á forræði Almannavarna – Fjölsvæða aðgerð þar sem mikill fjöldi björgunarsveita tekur þátt ásamt því að samhæfing á milli margra viðbragðsaðila kemur til.

Lágmarkskrafa á verkþáttastjóra björgunarsveita - **Aðgerðastjórnandi 3**

3. Landsstjórn framkvæmi úttekt á svæðisstjórnnum annað hvert ár. Úttekt tekur á menntun aðgerðastjórnenda, búnað og aðstöðu aðgerðastjórna, ásamt öðru sem kemur fram í reglum um aðgerðastjórnir. Landsstjórn setur nánari viðmið í sérstökum verklagsreglum um úttektir.

4. Lista yfir aðgerðastjórnendur 1, 2 og 3 sé viðhaldið á heimasíðu SL.



Þjálfun

Aðgerðastjórnendur skulu afla sér að lágmarki þeirrar menntunar sem þarf til að uppfylla kröfur skv. kafla um Stjórnskipulag í aðgerðum:

1. Aðgerðarstjórnandi 1 – Einstaklingur sem lokið hefur grunnnámskeiði í aðgerðastjórnun samkvæmt námsskrá Björgunarskólans.
2. Aðgerðarstjórnandi 2 – Einstaklingur sem lokið hefur fagnámskeiði í aðgerðastjórnun samkvæmt námsskrá Björgunarskólans.
3. Aðgerðarstjórnandi 3 – Einstaklingur sem lokið hefur fagnámskeiði í aðgerðastjórnun samkvæmt námsskrá Björgunarskólans og námskeiði um störf í SST.

Til að viðhalda réttindum sem aðgerðastjórnandi 2 og 3 er nauðsynlegt að sækja endurmenntun (20 klst.) á minnst fimm ára fresti. Þá mega í mesta lagi líða 12 mánuðir á milli þess sem einstaklingur starfar sem stjórnandi (verkþáttastjóri) í aðgerð eða æfingu (aðgerð gul eða rauð) án þess að krafa komi um endurmenntun.

Æskilegt er að þeir sem hafi starfað í svæðisstjórn í tvö ár hafi lokið a.m.k. Aðgerðastjórnandi 1.

Svæðamörk

Landsstjórn afmarkar ákveðin landssvæði fyrir hverja svæðisstjórn í samráði við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi samanber reglugerð nr. 289 frá 7. apríl 2003 um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita. Svæðamörkin eru leiðbeinandi um það hver fer með tæknilega stjórnun einstaka aðgerða.



Ýmis ákvæði

Viðbragðsáætlanir

Svæðisstjórnir skulu leitast við að gera viðbragðsáætlanir fyrir leit og björgun á svæði sínu í samráði við viðkomandi björgunarsveitir og lögregluembætti. Í þeim skal koma fram boðunaráætlun, áætlun um skipulag aðgerða, hlutverk einstakra eininga og annað sem kann að skipta máli. Eintaki áætlana sem gerðar eru skal koma til Landsstjórnar.

Upplýsingaskylda

Í aðgerðum skulu Landsstjórn og svæðisstjórnir gæta þess að upplýsingar um framgang aðgerðar flæði vel á milli aðila. Allar ákvarðanir og það sem markvert telst í framgangi aðgerða skal skrá í aðgerðagrunn félagsins. Auk þess að skrá hópa, atvik og verkefni skal einnig skrá að lágmarki grunnupplýsingar, skipurit, fjarskiptaplan, markmið og hættumat aðgerðar. Þá ber stjórnandi aðgerðar ábyrgð á að loka aðgerð í aðgerðagrunni. Formenn björgunarsveita eru ábyrgir fyrir skráningu sinna eininga hvað varðar mætingu.

Lagastoð og gildistaka

Reglur þessar eru settar af stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar og taka mið af þeim reglum og lögum sem sett eru af opinberum aðilum. Reglur þessar taka þegar gildi. (25.05.2016)



